

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 106. gr. reglnanna:

1. Fyrsta málsgrein breytist og verður svohljóðandi: Stúdent sem hefur lokið M.A.-prófi frá heimspekideild Háskóla Íslands með fyrstu einkunn getur sótt um aðgang að doktorsnámi samkvæmt 5. mgr. 101. gr. reglna þessara. Stúdent sem hefur lokið M.A.-prófi eða öðru samsvarandi prófi frá annarri deild Háskóla Íslands eða öðrum háskóla, sem deildin viðurkennir, með jafngildi fyrstu einkunnar, getur sótt um aðgang að doktorsnámi við heimspekideild. Þá skal menntun hans metin með tilliti til aðalgreinar við doktorsnám og honum gerðar frekari námskröfur en þeim stúdentum sem hafa lokið M.A.-prófi frá deildinni.
2. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Námsáætlun skal samin í samráði við leiðbeinanda og staðfest af deildinni. Námsárangur skal staðfestur með mati sem deildin viðurkennir og með árangri sem hún metur fullnægjandi.
3. Þriðja og fjórða málsgrein greinarinnar falla brott.
4. Í stað orðsins „Leiðbeinanda“ í upphafi 5. másl. 3. mgr. (áður 5. mgr.) kemur: Aðalleiðbeinanda.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 27. júní 2003.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, Þingvallastræti/Víðilundur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. júlí 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að austasti hluti iðnaðarsvæðis við gatnamót Dalsbrautar og Þingvallastrætis verður íbúðarsvæði.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 4. júlí 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.